

Unglingalandsmót 2014

2. ágúst 2014

Siglingaklúbburinn Drangey

Keppt verður á Skagafirði í nágreni Sauðárkróks

Tilkynning um keppni

1. Reglur

Keppt verður samkvæmt:

- a. Kappsiglingareglum ISAF
- b. Kappsiglingafyrirmælum SÍL
- c. Kappsiglingafyrirmælum mótsins

2. Auglýsingar

- a. Auglýsingar verða leyfðar samkvæmt ISAF reglugerð 20 um auglýsingar
- b. Auglýsingar sem keppnishaldari útvegar kann að þurfa að sýna á bátum eða búnaði

3. Þátttökuréttur

Rétt til þátttöku hafa fullgildir félagar í siglingafélögum samkvæmt móta- og keppendareglum SÍL. Stefnt er að keppni í eftirfarandi flokkum:

- a. Optimist
- b. Opnum flokki samkvæmt forgjöf frá SÍL

4. Skráning

Keppendur þurfa að skrá sig á vef Unglingalandsmóts UMFÍ á slóðinni <http://skraning.umfi.is/> Athugið að þar þurfa allir keppendur að skrá sig. Skráningarfrestur er til miðnættis á sunnudaginn 27. júlí.

Einnig óskar keppnisstjórn eftir því að keppendur sendi tölvupóst á habbi@orginalinn.is með skráningu þar sem kemur fram nöfn keppenda, seglnúmer (ef á við), bátstegund og félag sem er keppt fyrir. Skila þarf þessum upplýsingum fyrir miðnætti fimmtudaginn 31. júlí.

5. Þátttökugjald

Þátttökugjald er innifalið í þátttökugjaldi fyrir Unglingalandsmótið (en það gjald er kr. 6000 og þarf að greiða það gjald til að geta klárað skráningu á vef Unglingalandsmóts UMFÍ).

6. Tímaáætlun

1. ágúst:
Afhending kappsiglingafyrirmæla frá kl. 17:00 – 18:00
2. ágúst:
Skipstjórafundur kl. 9:00
Viðvörunarmerki fyrir fyrstu keppni kl. 10:25
Ekki verður ræst eftir kl. 16:00

7. Kappsiglingafyrirmæli

Siglingafyrirmæli verða afhent fyrir skipstjórafund og verða birt á tilkynningartöflu á mótsstað daginn áður.

8. Keppnissvæði

Keppt verður á Skagafirði við Sauðárkrók.

9. Keppnisbraut

Keppnisbraut verður annað hvort beiting- lens-beiting braut eða þríhyrningsbraut. Brautum verður nánar lýst í kappsiglingafyrirmælum.

10. Stigakerfi

Notað verður lágstigakerfi samkvæmt viðauka A í Alþjóða-kappsiglingareglunum.

Ef kepptar verða þrjár eða færri umferðir, reiknast allar til stiga, annars kastar hver keppandi sinni lökustu keppni.

11. Verðlaun

Veitt verða verðlaun fyrir þrjú fyrstu sætin í hverjum flokki.

12. Verðlaunaafhending

Verðlaunaafhending fer fram í félagsheimili Drangeyjar strax og úrslit verða ljós að lokinni síðustu umferð mótsins.

13. Ábyrgð

Allir sem taka þátt í mótinu gera það á eigin ábyrgð. Sjá reglu 4, ákvörðun um að keppa. Keppnisstjórn ásamt öllum þeim sem taka þátt í framkvæmd mótsins firra sig allri ábyrgð gagnvart tjóni sem kann að verða vegna þátttöku í mótinu.

14. Frekari upplýsingar

Frekari upplýsingar veita sérgreinastjórnir Hallbjörn Björnsson (habbi@orginalinn.is) og Ingvar Páll Ingvarsson (ipi@skagafjordur.is).

Siglingaklúbburinn Drangey

Kennitala: 540509-1230